

Ræktunarmarkmið Retrieverdeildar og hjálplegar upplýsingar varðandi ræktun.

Ræktun er á ábyrgð tíkareiganda hér eftir kallaðan ræktanda. Það á við að uppfylla kröfur HRFÍ og eins að hafa í heiðri eiginleika tegundar og heilsufar.

Ábyrgir rakkæigendur fylgja að sjálfsögðu sömu forsendum og líta til þess að tíkur standist allar forsendur HRFÍ og eiginleikar tegundar ásamt heilsufar ætti að vera í fyrirrúmi.

Hér að neðan hefur verið tekið saman í eitt skjal, reglur HRFÍ um skráningu í ættbók, ræktunarmarkmið ræktunarstjórnar og síðan bent á ýmis atriði sem mikilvægt er að huga að.

Gott er að hafa í huga kröfur úr reglum um ræktunardeildir innan HRFÍ

Sbr. Lið IV.2 í Starfsreglum Ræktunardeilda Hundaræktarfélags Íslands

- Stefna ræktunarstjórnar skal vera að beina allri ræktun í þá átt að einstaklingar kynsins séu:
 - Andlega og líkamlega heilbrigðir.
 - Án erfðagalla.
 - Uppfylli kröfur ræktunarmarkmiðs kynsins um útlit og byggingu.
 - Uppfylli þær kröfur sem gerðar eru um vinnueiginleika kynsins.

Reglur um skráningu í ættbók, gilda frá 1.03.2021

Almennar reglur um skráningar í ættbók má finna hér inná heimasíðu HRFÍ undir „Lög og reglur“ <http://www.hrfi.is/loumlg-og-reglur.html> Breytingar frá 1.3.2021 eiga við um kafla 10 í reglum.

Úrdráttur úr reglum um skráningu í ættbók 10.kafli:

4. HRFÍ stendur reglulega fyrir augnskoðunum dýralækna með sérþekkingu á augnsjúkdómum hunda, og skráir niðurstöður þeirra í ættbók. Þar sem augnskoðun ræktunardýra er krafa, gildir, nema annað sé tekið fram, að vottorð skal ekki vera eldra en 25 mánaða við þörun.

Um öll hundakyn gildir að greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónrýrnun (PRA), er hann settur í ræktunarbann og fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Að sama skapi eru foreldrar, systkini og áður skráð afkvæmi hundsins sett í ræktunarbann, nema sýnt sé fram á með DNA prófi að hundarnir séu ekki sýktir af þeim PRA gerðum sem þekkt eru í kyninu. Þekktan PRA bera má einungis para við arfhreinan hund.

5. Eftirfarandi gildir um undaneldisdýr og niðurstöður DNA prófa vegna sjúkdóma nema annað sé tekið fram um einstök hundakyn: Bera má einungis nota í ræktun á móti arfhreinum hundum. Sýktir hundar eru settir í ræktunarbann. Í þeim tilvikum þar sem báðir foreldrar eru með DNA niðurstöð fríir (Normal/Clear; N/C), telst afkvæmi arfhreint fyrir þeirri gerð (Normal/Clear by Parentage; N/C/P). DNA prófa þarf næstu kynslóð á eftir.

Hér að neðan er það sem á við um retriever hunda sem falla undir tegundar hóp 8 (TH-8)

CHESAPEAKE BAY RETRIEVER

Undaneldisdýr skal hafa gilt augnvottorð og vera DNA prófuð vegna prcd-PRA.

Undaneldisdýr skulu mjaðma- og olnbogamynduð. Greinist hundur með mjaðmalos/olnbogalos D/2 eða E/3 verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Afkvæmi hunda sem báðir eru með C/1 olnboga eða

C mjaðmir fást ekki skráð í ættbók.

CURLY-COATED RETRIEVER

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðma- og olnbogamynduð. Greinist hundur með mjaðmalos/olnbogalos D/2 eða E/3 verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Afkvæmi hunda sem báðir eru með C/1 olnboga eða C mjaðmir fást ekki skráð í ættbók.

FLAT-COATED RETRIEVER

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera mjaðma- og olnbogamynduð. Greinist hundur með mjaðmalos/olnbogalos D/2 eða E/3 verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Afkvæmi hunda sem báðir eru með C/1 olnboga eða C mjaðmir fást ekki skráð í ættbók.

GOLDEN RETRIEVER

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera DNA prófuð fyrir GR_PRA1 og GR_PRA2.

Undaneldisdýr skulu mjaðma- og olnbogamynduð. Greinist hundur með mjaðmalos/olnbogalos D/2 eða E/3 verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Afkvæmi hunda sem báðir eru með C/1 olnboga eða C mjaðmir fást ekki skráð í ættbók.

LABRADOR RETRIEVER

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera DNA prófuð vegna prcd-PRA.

Undaneldisdýr skulu mjaðma- og olnbogamynduð. Greinist hundur með mjaðmalos/olnbogalos D/2 eða E/3 verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Afkvæmi hunda sem báðir eru með C/1 olnboga eða C mjaðmir fást ekki skráð í ættbók.

NOVA SCOTIA DUCK TOLLING RETRIEVER

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera DNA prófuð vegna prcd-PRA.

Undaneldisdýr skulu mjaðma- og olnbogamynduð. Greinist hundur með mjaðmalos/olnbogalos D/2 eða E/3 verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Afkvæmi hunda sem báðir eru með C/1 olnboga eða C mjaðmir fást ekki skráð í ættbók.

Ræktunarmarkmið Retrieverdeildar

Þau ræktunardýr sem skal para hafi verið:

1. Mjaðma- og olnbogamynduð og greining sé A eða B (HD/ED FRI).
 - a. Ættbókarskráningar eru heimilar þó að notað sé hund sem er C á móti hundi sem er A eða B. Ræktunarstjórn mælir samt með því að nota eingöngu A eða B (FRI)
2. Augnskoðuð og augnskoðunarvottorð ekki eldra en 25 mánaða. Þau beri ekki arfgenga augnsjúkdóma.

3. DNA prófuð fyrir PRA og greiningin sé Normal/Clear (N/C) eða séu sannanlega arfhrein frá foreldrum, Normal/Clear by parentage (N/C/P) (Á við um Chesapeake Bay retriever, Golden retriever, Labrador retriever og Nova Scotia Duck Tolling retriever). Vísað í PRA viðmið í reglum HRFÍ.
 - a. Rættunarstjórn mælir ekki með að notaðir séu PRA berar þó svo að heimilað sé að ættbókarfæra ef notaður er beri á móti hreinum.
4. Sýnd a.m.k. einu sinni á sýningu HRFÍ eða hjá öðrum félögum viðurkenndum af FCI og náð a.m.k. Good í Opnum flokki eða Vinnuhundaflokki. OG/EÐA þátttakendur í veiðiprófi hjá Retrieverdeild HRFÍ eða hjá öðrum retrieverklúbbum innan félaga viðurkenndum af FCI og náð a.m.k. 3. einkunn í Opnum flokki.
 - a. Það er mikilvægt að hafa í huga þegar hugað er að pörun að dýr sem á að para uppfylli eiginleika sem eru innan ræktunarmarkmiða tegundar. Með sýningarárangri er hægt að leggja mat á byggingu, feld og annað því tengt. Með vinnuprófi er hægt að leggja mat á hvort hundurinn standist kröfur um vinnueiginleika. Því hvetjum við ræktendur til að huga að þessum þætti og rættunarstjórn mælir ekki með hundum sem ekki hafa náð ofangreindum árangri annaðhvort á sýningum eða veiðiprófi eða bæði.

Mikilvæg atriði til að hafa í huga við pörun:

Í seinni tíð hefur það aukist að hægt sé að DNA prófa fyrir hinum ýmsu kvillum sem hafa herjað á hundakyn og þar á meðal retriever hunda. Mikilvægt er að hafa í huga að við pörun á berum koma sýktir einstaklingar. Eins að ef notaður er beri verður hluti af hvölpum líka berar og aðrir fríir. Rættunarstjórn mælir með að ræktendur þekki sína hunda vel og vandi sig við alla ræktun. Ef ræktandi er óviss er bent á að senda fyrirspurn til rættunarstjórnar eða leita til dýralæknis um upplýsingar.

- Erfðir litaafbrigða í labrador, þetta er mjög vel útskýrt hér <https://www.retriever.is/wp-content/uploads/2018/03/%C3%9Atsk%C3%BDring-%C3%A1-erf%C3%B0um-%C3%A1-litarafbrig%C3%B0um.pdf>

Hér að neðan eru dæmi um þau DNA próf sem eru þekkt í retriever hundum í des 2020, listinn er ekki tæmandi og getur tekið breytingum.


Upplýsingar eru á ensku og er ræktendum bent á að leita sér frekari upplýsinga ef þetta er óljóst hjá dýralæknum.

Labrador Retriever	CNM, CY, DM, EIC, HNPk, HUU, PKD, PRA-prcd, SD2
Golden Retriever	DM, GR-PRA1, GR-PRA2, Ich, MD, NCL-GR, PRA-prcd
Nova Scotia Duck Tolling Retriever	DM, MDR1, PRA-prcd

Erfða truflanir í hundum	
CNM	Centronuclear Myopathy
CY	Cystinuria
DM	Degenerative Myelopathy

<u>EIC</u>	<u>Exercise-Induced Collapse</u>
<u>GRPRA1</u>	<u>Golden Retriever-PRA 1</u>
<u>GRPRA2</u>	<u>Golden Retriever-PRA 2</u>
<u>HUU</u>	<u>Hyperuricosuria</u>
<u>HNPk</u>	<u>Hereditary Nasal Parakeratosis</u>
<u>Ich</u>	<u>Ichthyosis-Golden Retriever</u>
<u>MD</u>	<u>Muscular Dystrophy-Golden Retriever</u>
<u>MDR1</u>	<u>Multi-Drug Resistance</u>
<u>NCLGR</u>	<u>NCL - Golden Retriever</u>
<u>NEwS</u>	<u>Neonatal Encephalopathy with Seizures</u>
<u>PKD</u>	<u>Pyruvate Kinase Deficiency</u>
<u>prcd-PRA</u>	<u>prcd - Progressive Retinal Atrophy</u>
<u>SD2</u>	<u>Skeletal Dysplasia 2</u>

Hér má sjá líkur á því hvernig erfða truflanir erfist. Dæmi ef beri er paraður við arfhreinan hund eru líkur á að 50% hvolpanna verði berar og 50% verði arfhreinir, athugið að allir eru samt heilbrigðir. Það þarf að skoða hvert tilfelli vel og mikilvægt að vita sem mest um sinn hund.



Ræktun er ábyrgðarlutur og mikilvægt að gefa sér góðan tíma til að undirbúa þörun og er ræktendum bent á að kynna sér alla þætti sem best.

Til frekari upplýsinga er hægt að senda fyrirspurn á retriver@retriever.is

Gangi ykkur vel.